

**Nd.** **461. Frumvarp til laga** [242. mál]  
um breytingu á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinnsson.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Atvinnurekandi getur þó ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2. maí—31. maí og 1. september—15. september, nema sérstakt samþykki launþega komi til.

**Greinargerð.**

Á því hefur borið, einkum á stærri vinnustöðum, að launþegar hafa verið óánægðir með að þurfa að taka orlof sitt í maí, áður en eiginlegur sumarleyfistími er hafinn. Með þessu frumvarpi er lagt til að í upphafi og við enda orlofstímans þurfi sérstakt samþykki launþegans til, en að öðrum kosti sé orlof á tímabilinu júní, júlí og ágúst.